

*Hann er Guð.*

Ó þið skínandi tvíburastjörnur! Lof sé Guði að andlit ykkar ljóma af ljósi leiðsagnar og hneigðir ykkar og lyndiseinkunn eru velþóknanlegar við hina guðlegu fótiskör.

Þið hafið beðið um leyfi að koma í heimsókn. Landið helga er vissulega sá staður þaðan sem ljósið skín, lampinn þar sem Sínaí-eldurinn logar. Í þessu helga landi afhjúpaði Hin blessaða fegurð ásjónu sína og þaðan sendi Hann töflur og yfirlýsingar til allra konunga og stjórnenda jarðar. Ástvinir Hans ala þá dýrmætu þrá í brjósti að koma í pílgrímsferð, og æðsta von þeirra sem þrá Hann er að ganga umhverfis helgidóm Hans. Samt er þjónusta við fótiskör Hans sem innt er af hendi í landi ykkar einnig meðal fremstu væntinga þeirra sem eru Honum nálægir. Ykkar er valið engu að síður. Dýrð allra dýrða hvíli yfir ykkur.